



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 455

Ekknasjóður Reykjavíkur

(1890 – 2007)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 455

Ekknasjóður Reykjavíkur

Formáli

Fyrsti fundur Ekknasjóðs Reykjavíkur var haldinn 1. mars 1890, en fyrsti aðalfundur var 2. janúar 1891.

Hinn 1. mars 1890 mættu nokkrir menn á heimili Guðmundar Gíslasonar í Ánanaustum hér í bæ og var þá ofanefndur sjóður stofnaður. Hafði Pétur Gíslason útvegsbóndi í Ánanaustum nokkru áður á Framfarafélagsfundi hreyft slíkri sjóðstofnun og má telja hann forgöngumann að stofnun sjóðsins. Pétur var hinn merkasti maður, greindur og áhugasamur og naut almenns trausts og vinsælda.

Stofnendur sjóðsins voru : Pétur Gíslason sem fyrr er getið, Guðmundur Gíslason bróðir hans, Jónas Jónsson, Steinholti, Gísli Jónsson, Nýlendu, Guðmundur Þorvarðarson, Brekku, Guðmundur Guðmundsson, Kröggólfsstöðum, Gunnlaugur Pétursson, Háaleyti, Þórður Pétursson, Oddgeirsbæ, Guðlaugur Torfason, trésmiður, Þórður Narfason, trésmiður og Gunnar Gunnarsson síðar kaupmaður, allt Vesturbæingar, nýtir og þekktir menn hér um langt skeið. Þeir fengu séra Eirík Briem til að semja sjóðnum lög og gaf hann sjóðnum 10 krónur.

Í þann mund er sjóður þessi var á stofn settur voru slysfarir tíðar hér á hinum opnu skipum og á annan hátt, en tryggingar engar eða lítt þekktar og því eins og gerist erfitt um ef heimilisfaðir og fyrirvinna féll frá. Mun það hafa vakað fyrir stofnendum sjóðsins að reyna að bæta hér nokkuð úr. Tekjur sjóðsins voru árgjöld félagsmanna, vextir, hlutaveltur, minningagjafir o.fl. Ekknasjóður Reykjavíkur starfaði til 28. September 2007. (Heimild: Morgunblaðið 1. mars 1940)

Skjalaskrá

Askja 1

Höfuðbók A Ekknasjóðs Reykjavíkur byrjar 1904 og er til ársins 1952.

Askja 2

Fundargerðabók Ekknasjóðs Reykjavíkur frá 2. janúar 1891 til 24. júní 1926. Aftast í bókinni er getið stofnfundar Ekknasjóðs Reykjavíkur árið 1890. Einnig Morgunblaðsgrein frá 1. mars 1940 þar sem sagt er frá 50 ára afmæli sjóðsins.

Fundargerðabók Ekknasjóðs Reykjavíkur frá 29. janúar 1927 til 17. desember 1987. Einnig eru lög Ekknasjóðsins frá 19. janúar 1920 aftast í bókinni.

Sjóðbók yfir eignir, tekjur og gjöld Ekknasjóðs Reykjavíkur frá 15. júní 1933 til 14. júní 1962.

Örk 1

Reikningar yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Reykjavíkur 1931 til 1939.
Ekknalistar 1933 og 1934.

Örk 2

Reikningar yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Reykjavíkur 1940 til 1949.
Ekknalistar 1942, 1947 og 1949.

Örk 3

Reikningar yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Reykjavíkur 1950-1952.
Fylgiskjöl 1951.

Örk 4

Reikningar yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Reykjavíkur 1978 og 1979. Viðskiptamannabók.
Ekkna- og félagalistar 1977 til 1980.

Askja 3

Örk 1

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Reykjavíkur 1981 til 2000.
Framlög úr Ekknasjóði 1982 til 1996.
Ekkna- og félagalistar 1992 til 1998.

Örk 2

Kvittanir fyrir leigu á geymsluhólfi í Landsbanka Íslands frá 1980 til 2001.

Örk 3

Fylgiskjöl 1952, 1953, 1974, 1978 til 1981, 1983 og 1984.
Ekkna- og félagslistar frá 1983 og ódagsettir.

Örk 4

Viðskipta-og sparisjóðsbækur:

Viðskiptabók við Söfnunarsjóð Íslands frá 3. janúar 1898 til 1. janúar 1981.

Viðskiptabók við Söfnunarsjóð Íslands númer 20 frá 1961 til 1981.

Ávísanahefti frá Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, eyðublöð nr. 3001 til 3050 kringum árið 1930.

Viðskiptabók frá Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis númer 553 frá árinu 1932 til 1946.

Sparisjóðsbók frá Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis númer 319 frá árinu 1932 til 1948.

Landsbankasparisjóðsbók númer 35160 frá árinu 1925 til 1934.

Viðskiptabók við Landsbankann númer 44275 frá árinu 1929 til 1932.

Sparisjóðsbækur frá Landsbanka Íslands númer 2265 frá árinu 1934 til 1980, 4 bækur.

Viðskiptabók frá Landsbanka Íslands númer 2473 frá árinu 1960 til 1978, 2 bækur.

Kjörbækur, stofnskrteini Aðalbanka Landsbankans númer 260927, 268020 og 268271.

Kjörbók Landsbanka Íslands aðalbanka númer 260927 frá árinu 1984 til 1987.

Örk 5

Reikningsyfirlit yfir Kjörbók nr. 260927 í Landsbanka Íslands frá 1985 til 2002.

Reikningsyfirlit yfir Kjörbók nr. 268020 í Landsbanka Íslands frá 1995 til 2001.
Reikningsyfirlit yfir Kjörbók nr. 268271 í Landsbanka Íslands frá 1995 til 2001.
Reikningsyfirlit yfir Almenna sparisjóðsbók nr. 2265 í Landsbanka Íslands 2001.
Reikningsyfirlit yfir Vaxtaaukareikning nr. 46670 í Landsbanka Íslands frá 1981 til 1984.
Reikningsyfirlit yfir Kjörbók nr. 283464 í Landsbanka Íslands árið 2003.
Reikningsyfirlit yfir Vaxtareikning nr. 373083 í Landsbanka Íslands frá 2002 til 2005.
Kvittun fyrir innleggi á reikning Hjálparstofnunar kirkjunnar 28. september 2007.

Örk 6

Afrit af skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Valgerðar, Guðrúnar og Önnu Steinssen.

Örk 7

Útskrift úr Skiptabók Reykjavíkur 22. desember 1931 var skiptaréttur Reykjavíkur settur til að skipta dánarbúi Þorbjargar Friðriksdóttur, kennslukonu.
Ágripsútskrift undirritað af Þorbjörgu Friðriksdóttur 2. júní 1931.
Viðskiptabók nr. 548 við Söfnunarsjóð Íslands, stofnuð 1. febrúar 1932, í eigu Minningarsjóðs Þorbjargar Friðriksdóttur.
Kjörbók í Landsbanka Íslands nr. 268548.

Örk 8

Fundargerð lokafundar í Barnahælisfélaginu Karitas haldinn að Tjarnargötu 28, 12. júlí 1924.
Peninga eign barnahælisins, undirritað af Kr. J., 20. desember 1921.
Skipulagsskrá fyrir sjóðinn Ragnheiðarminning, samþykkt á lokafundi Barnahælisfélagsins Karitas í Reykjavík 12. júlí 1924.
Gjafir í minningu um Ragnheiði Hafstein, í hinn nýstofnaða sjóð sem ber hennar nafn, nafnalisti 28 kvenna sem lögðu til 156 krónur. Konurnar voru 28 sem lögðu til kr. 156.
Þakkarbréf til barnahælisfélagsins fyrir auðsýnda samúð vegna andláts Ragnheiðar Hafstein, undirritað af H. Hafstein, 27. Júlí 1913.
Viðskiptabók við Söfnunarsjóð Íslands nr. 454, stofnuð 6. október 1924.
Kjörbók í Landsbanka Íslands nr. 268454.

Skráð í desember 2011,
BA.